



Hvítá-Hvítá

Áhrif af óbreyttum vexti á þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050



Nordic
Office of
Architecture



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

11. september 2025


Jóhanna Helgadóttir
Vilhjálmur Leví Egilsson

Viðfangsefnið

Kanna áhrif af áframhaldandi óbreyttum vexti þéttbýliskjarna, innan Hvítár-Hvítár svæðisins, á þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050.

Könnuð voru möguleg áhrif á eftirtalda þætti:

- Umferðamagn og ferðatíma
- Umhverfisáhrif
- Húsnæði og lýðfræði
- Gæði og ásýnd bæjarrýma
- Öryggi gangandi og hjólandi
- Náttúrugæði
- Atvinnumál og samkeppnishæfni



Nálgun verkefnis

Þróun byggðar á suðvesturhorni landsins hefur breyst hratt á undanförnum árum, mikil fólksfjölgun hefur orðið á svæðinu, búsetumynstur er orðið dreifðara og samhliða hefur ferðum fólks milli sveitarfélaga fjölgað.

Miklar áskoranir felast í því að mæta örum vexti innan svæðisins svo sem varðandi sjálfbærni, hagkvæma landnýtingu, samgöngur, samfélagsþróun og gæði byggðar.


Á undanförnum árum hefur verið bent á mikilvægi þess að horft sé á suðvesturhorn landsins, Hvítár-Hvítár svæðið, sem eina heild. Tillaga að Borgarstefnu liggur fyrir sem og drög að sóknaráætlun Hvítár-Hvítár svæðisins.

Mat á áhrifapáttum í þessu verkefni byggir m.a. á tölulegum gögnum t.d. frá Hagstofunni og stefnum og áætlunum s.s. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.




Forsendur

Íbúafjöldi á Hvítá-Hvítá svæðinu



Vöxtur þéttbýliskjarna

- Tveir þéttbýliskjarnar hafa vaxið yfir 100% frá árinu 2000
 - Selfoss og nágrenni
 - Reykjanesbær
- Íbúafjöldi í Reykjanesbær gæti farið yfir 45.000 íbúa árið 2050
- Íbúafjöldi á Selfoss gæti farið yfir 20.000 íbúa árið 2050
- Verði óbreyttur vöxtur á höfuðborgarsvæðinu, gætu íbúar þess orðið allt að 350.000 árið 2050
- Gögn benda til þess, að hlutfall þeirra sem eru með háskólamenntun sé áberandi hærra á höfuðborgarsvæðinu en í nágrennabæjum
- Vísbendingar eru um að lágtækjuhópar, svo sem fjölskyldur einstæðra foreldra og fólk sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun, leiti í auknum mæli út fyrir höfuðborgarsvæðið



Mögulegur áframhaldandi vöxtur stærstu þéttbýliskjarnanna á Hvítá-Hvítá svæðinu, miðað við óbreyttan vöxt til ársins 2050



Virkt þéttbýlissvæði

- Virkt þéttbýlissvæði er borg auk vinnu- og skólasóknarsvæðis umhverfis hana
- Höfuðborgarsvæðið og þéttbýliskjarnar innan Hvítár-Hvítá svæðisins teljast hluti af virku þéttbýlissvæði höfuðborgarsvæðisins
- Fjöldi fólks sækir vinnu og skóla inn til höfuðborgarsvæðisins
- Vinnu- og skólasóknarsvæðið er það svæði sem fólk ferðast daglega til, oft miðað við 45 mín akstur



Virkt þéttbýlissvæði höfuðborgarsvæðisins er það svæði sem afmarkast af Hvítá-Hvítá



Umferð

- Umferð mun aukast, Vegagerðin gerir ráð fyrir að umferð geti aukist um allt að 50-80% til ársins 2050
- Samhliða eykst tafatími
- Samkvæmt mælingum eyddu íbúar á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali 3 klst. meiri tíma í bíl á annatíma árið 2024 en árið 2023



Hversu miklu meiri tíma eyddum við í umferð á annatímum yfir árið 2024?


47 klst = 1 dagur og 23 klst

↑ 3 klst og 1 mín lengur en árið 2023



Aðrar forsendur

- Þróun fasteignaverðs
- Stefnur og áætlanir s.s.:
 - Skipulagsáætlanir
 - Borgarstefna – tillögur
 - Heimsmarkmið
 - Sóknaráætlanir
 - Loftslagsstefnur




Skipulagsforsendur til að hafa í huga sem hafa mótandi áhrif á gæði byggðar. Heimild: *Mannlíf, byggð og bæjarrými*.



Möguleg áhrif á höfuðborgarsvæðið

Aukin umferð

- Að óbreyttu mun umferð aukast verulega til og frá höfuðborgarsvæðinu sem og innan þess
- Núverandi gatnakerfi mun ekki anna þeirri viðbótarumferð sem fylgir óbreyttum vexti
- Ferðatími mun aukast bæði innan höfuðborgarsvæðisins og á stofnvegum til og frá höfuðborgarsvæðinu
- Dýrmætur tími íbúa tapast samhliða auknum ferðatíma
- Aukin þörf verður á fjölbreyttari samgöngulausnum



Áætluð meðalumferð á sólarhring (meðaltal yfir árið) viðbótarumferð árið 2050 á stofnvegum inn til höfuðborgarsvæðisins miðað við 65% aukningu umferðar.






Umhverfisáhrif

- Lakari loftgæði, sem m.a. geta haft neikvæð áhrif á heilsu fólks og aukið líkur á sjúkdómum
- Neikvæð áhrif á hljóðvist
- Svifryksmengun eykst og hefur neikvæð áhrif á vatnabúskap og vatnafar
- Neikvæð áhrif á markmið höfuðborgarsvæðisins um kolefnishlutleysi 2035




Húsnæði og lýðfræði

- Hækkandi fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu er líklegt til þess að:
 - ýta undir vöxt annarra þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu
 - auka misskiptingu og einsleitari íbúasamsetningu bæði á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannabæjum
- Aukin misskipting er líkleg til þess að leiða af sér auknar félagslegar áskoranir
- Fjarvera vegna vinnusóknar setur mark sitt á samfélög vegna aðskilnaðar atvinnu- og búsvæða



Gæði og ásýnd bæjarrýma

- Hafa neikvæð áhrif á ásýnd og yfirbragð borgarrýmisins
- Skapa óvistlegri aðstæður fyrir vistvæna samgöngumáta
- Draga úr tækifærum fyrir fjölbreytta verslun og þjónustu í nærumhverfi
- Skapa verri aðstæður fyrir útiveru t.d. í almenningsrýmum og dvalarsvæðum, sem einnig dregur úr aðstæðum fyrir félagslegt samneyti íbúa
- Bæjarmynstur sem hefur ekki jákvæð áhrif t.d. á skjólmyndun



Umfangsmikil samgöngumannvirki leiða af sér aðskilda landnotkun, óhagkvæma nýtingu lands, lakari loftgæði og óvistlegra umhverfi



Sjálfbært borgarskipulag með áherslu á þétta og blandaða byggð og fjölbreytta ferðamáta bætir forsendur fyrir gæði byggðar

Öryggi gangandi og hjólandi

- Aukin umferð bifreiða kallar á aukin samgöngumannvirki, sem skapa erfiðari aðstæður fyrir gangandi og hjólandi
 - Umferðaöryggi
 - Aukinn umferðahraði
 - Aukna slyshættu
 - Lakari loftgæði og hljóðvist
 - Drega úr vilja fólks til þess að nýta fjölbreytta ferðamáta



Umfangsmikil samgöngumannvirki fyrir bílaumferð draga úr öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda




Skipulag miðað að vistvænum samgöngum eykur öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda




Náttúrugæði

- Álag, mikilvægi og kostnaður við verndun og varðveislu náttúrusvæða eykst
- Álag, mikilvægi og kostnaður við stígakerfi og aðra innviði eykst
- Mikilvægi þess að standa vörð um náttúrugæði, vatnsvernd, vatnsból o.fl. eykst



Atvinnumál og samkeppnishæfni

- Ómarkviss uppbygging og dreifð búseta er líkleg til þess að:
 - draga úr samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins í alþjóðlegu samhengi
 - auka kostnað við rekstur og uppbyggingu innviða
- Staðsetning atvinnusvæða án skilvirkra almenningssamgangna hefur neikvæð áhrif á höfuðborgarsvæðið
- Höfuðborgarsvæðið er háð öðrum svæðum t.d. um orku og millilandaflug
- Líkur á að ásókn í sértæka verslun og þjónustu til höfuðborgarsvæðisins aukist




Hvernig er hægt að hafa áhrif?

Sóknarfæri

Sóknarfæri geta m.a. falist í:


- Að efla samstarf sveitarfélaga á Hvítá-Hvítá svæðinu
- Að móta sameiginlega nálgun sveitarfélaganna á Hvítár-Hvítar svæðinu varðandi hagkvæma þróun og uppbyggingu sem mætir þeim áskorunum sem fylgja vexti samfélaga
- Að móta heildstætt og skilvirkt kerfi almenningssamgangna á svæðinu öllu
- Að vinna sameiginlega stefnu, líkt og til er fyrir höfuðborgarsvæðið, eða þróunaráætlun svæðisins sem hefur það að markmiði að stuðlað að auknu jafnvægi m.t.t. sjálfbærni, efnahags, umhverfis og samfélags



Tillögur að næstu skrefum

Móta grundvöll fyrir auknu samstarfi sveitarfélaganna innan Hvítá-Hvítá svæðisins:

- Frekari rannsóknir og greiningar:
 - um vinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins
 - um byggðapróun, húsæðispörf og innviðum á Hvítá-Hvítá svæðinu
- Bæta opinbera tölfræði, upplýsingar um efnahags-, félags- og samfélagslega þróun á svæðinu öllu
- Skoða forsendur bættra almenningssamgangna og samspil við ferðamáta innan höfuðborgarsvæðisins
- Auka forsendur fyrir betri nýtingu innviða og hagkvæmari ráðstöfun lands






**Nordic
Office of
Architecture**

Hvítá - Hvítá

11.04.2025



Nordic
Office of
Architecture



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Áhrif af áframhaldandi óbreyttum
vexti þéttbýliskjarna, innan
Hvítár-Hvítár svæðisins, á þróun
höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050.




INNIHALD

1.	INNGANGUR	4
2.	FORSENDUR	8
2.1	Hvítá-Hvítá	10
2.2	Mannfjöldapróun á Hvítá-Hvítá svæðinu	12
2.3	Fasteignaverð	14
2.4	Virkt þéttbýlissvæði	16
2.5	Vinnu- og skólasóknarsvæði	17
2.6	Aðrar stefnur og áætlanir	18
2.7	Samgöngur	24
3.	ÁHRIFAPÆTTIR	26
3.1	Umferðamagn og ferðatími	28
3.2	Umhverfisáhrif	30
3.3	Húsnæði og lýðfræði	32
3.4	Gæði og ásýnd bæjarrýma	34
3.5	Öryggi gangandi og hjólandi	36
3.6	Náttúrugæði	38
3.7	Atvinnumál og samkeppnishæfni	40
4.	SAMANTEKT	42
4.1	Niðurstöður	44
4.2	Næstu skref	46



1. INNGANGUR





Þróun byggðar á suðvesturhorni landsins hefur breyst hratt á undanförunum árum samhliða mikilli fólksfjölgun á svæðinu, dreifðara búsetumynstri og aukins flæðis fólks milli sveitarfélaga.

Miklar áskoranir felast í því að mæta örum vexti innan svæðisins þegar horft er til þriggja stöða sjálfbærni; samfélags, efnahags og náttúru. Þær felast meðal annars í byggðaþróun, landnýtingu, samgöngum, samfélagsþróun, orkumálum og gæðum byggða. Mikilvægt er að tryggja að hægt verði að mæta aukinni húsnæðisþörf, almenningssamgöngur verði bættar ásamt öðrum innviðum virkra ferðamáta, skapaður verði grundvöllur fyrir aukna atvinnusköpun og spennandi fjárfestingakostir fyrir nýsköpun og tækniþróun verði styrktir.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu um þróun lands og samgangna til ársins 2040.

Starfshópur á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur skilað tillögu að Borgarstefnu þar sem fjallað er um borgarsvæðin tvö á Íslandi, höfuðborgarsvæðið annars vegar og Akureyri og nágrenni hins vegar. Þá liggja fyrir drög að sóknaráætlun Hvítár-Hvítár svæðisins frá árinu 2020, unnin af Forsætisráðuneytinu.¹ Þar er m.a. fjallað um sérstöðu og sóknartækifæri ólíkra sveitarfélaga á svæðinu.

Á undanförunum árum hefur verið bent á mikilvægi þess að horft sé á suðvesturhorn landsins sem eina heild og hefur m.a. Reykjavíkurborg beint því til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að þau beiti sér fyrir samstarfi um gerð þróunaráætlunar fyrir suðvesturhorn Íslands, frá Hvítá til Hvítár til ársins 2050.²

Mat á áhrifaþáttum byggir m.a. á tölulegum gögnum t.d. frá Hagstofunni, stefnum og áætlunum s.s. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og öðrum stefnum sem sett eru fram í forsendu kafla skýrslunar. Einnig voru tekin samtöl við forsvarsfólk landshlutasamtaka á svæðinu og fyrrum borgarstjóra Reykjavíkur, Dag B. Eggertsson og Einar B. Þorsteinsson.

Í ferlinu kom í ljós að skortur er á ítarlegum gögnum um Hvítá-Hvítá svæðið sem eina heild. Efnið hefur hingað til lítið verið rannsakað þrátt fyrir að margar sameiginlegar áskoranir blasi við samhliða aukinni fólksfjölgun á svæðinu.


Hvítá-Hvítá verkefnið er unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH, af Nordic Office of Architecture.

1. [Drög að sóknaráætlun Hvítár-Hvítár svæðisins](#)
2. [Sameiginleg þróunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland og Vesturland](#)




Tilgangur verkefnisins er að kanna áhrif af áframhaldandi óbreyttum vexti þéttbýliskjarna, innan Hvítár-Hvítár svæðisins, á þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050. Eftirtaldir áhrifaþættir eru kannaðir:

- **Umferðamagn og ferðatími**
- **Umhverfisáhrif**
- **Húsnæði og lýðfræði**
- **Gæði og ásýnd bæjarrýma**
- **Öryggi gangandi og hjólandi**
- **Náttúrugæði**
- **Atvinnumál og samkeppnishæfni**



Höfuðborgarsvæðið



Hvítá-Hvítá svæðið



2. FORSENDUR





2.1 Hvítá-Hvítá

Hvítá-Hvítá svæðið er skilgreint sem það svæði sem liggur milli Hvítár á Vesturlandi og Hvítár á Suðurlandi og nær yfir 20 sveitarfélög á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vesturlandi. Íbúafjölgun á Suðvesturhorninu hefur verið umtalsverð á síðustu árum. Mesti vöxturinn hefur átt sér stað á undanförunum 10 árum, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og þéttbýliskjörnum á Suðvesturhorninu. Líklegar ástæður aukins íbúafjölda í þéttbýliskjörnum utan höfuðborgarsvæðisins má m.a. rekja til aukins fólksflutnings til landsins, hækkandi húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu og bættra samgangna. Einnig má nefna mikla aukningu í komu ferðamanna á svæðið sem setur svip á samfélagið að mörgu leyti. Ferðamannaiðnaðurinn er plássfrekur og gistirýmum þarf stöðugt að fjölga. Á undanförunum árum hefur til dæmis hótélum og gistiheimilum fjölgað mikið og einnig eru margar íbúðir nýttar í skammtímaleigu.


2.1.1 Samtöl við landshlutasamtök

Samtöl við landshlutasamtökin þrjú; Suðurland, Vesturland og Suðurnes, leiddu í ljós að áherslur þeirra eru að mörgu leyti ólíkar. Þó eiga þau mun meira sameiginlegt, bæði þegar lítið er til tækifæra og áskorana. Öll gerðu þau ráð fyrir auknum íbúafjölda á sínum svæðum og töldu spár um fólksfjölgun frekar vanmat en ofmat.

Öll voru landshlutasamtökin jákvæð fyrir aukinni uppbyggingu almenningssamgangna milli sinna sveitarfélaga og höfuðborgarsvæðisins. Einnig höfðu þau öll áhuga á að taka aukinn þátt í uppbyggingu samgönguinnviða á sínum svæðum og öll voru jákvæð fyrir auknu samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög.


Hvítá- Hvítá:

- **Höfuðborgarsvæðið og áhrifasvæði – frá Hvítá á Vesturlandi að Hvítá á Suðurlandi**
- **20 sveitarfélög**
- **U.þ.b. 80% þjóðarinnar býr á Hvítá-Hvítá svæðinu**
- **Í mótun er Borgarstefna fyrir höfuðborgarsvæðið og áhrifasvæði þess, þ.e. Hvítá-Hvítá**



Innan Hvítá-Hvítá svæðisins eru 20 sveitarfélög, stærstu þéttbýliskjarnarnir, utan höfuðborgarsvæðisins eru:

1. Akranes
2. Hveragerði
3. Selfoss og nágrenni
4. Grindavík
5. Keflavík & Njarðvík
6. Vogar





2.2 Mannfjöldapróun á Hvítá-Hvítá svæðinu

Mannfjöldaspár Hagstofunnar gera ráð fyrir auknum fjölda íbúa á öllum svæðum innan Hvítá-Hvítá svæðisins til ársins 2050. Við útreikninga á mannfjöldaspa var horft til þróunar mannfjölda frá árinu 2000 til lok árs 2024 og framreiknaður óbreyttur vöxtur til ársins 2050. Bæði var skoðuð óbreytt áframhaldandi hlutfallsaukning (sami hraði á aukningu og undanfarin ár) og línulegur vöxtur (sama aukning í fjölda yfir jafnlangt tímabil). Þá sýnir taflan einnig mun á þessum tveimur nálgunum.


Þéttbýliskjarni	2000	2024*	Mismunur	% aukning (hlutfallslega aukning)	2050 % aukning	2050 línuleg aukning	Mismunur á línulegri og hlutfallslegri
Akranes	5.337	8.062	2.725	51%	12.178	10.787	1.391
Hveragerði	1.762	3.277	1.515	86%	6.095	4.792	1.303
Selfoss og nágrenni	4.541	9.871	5.330	117%	21.457	15.201	6.256
Grindavík	2.236	3.575	1.339	60%	5.716	4.914	802
Keflavík & Njarðvík	10.483	21.847	11.364	108%	45.530	33.211	12.319
Vogar	633	1.388	755	119%	3.044	2.143	901
Höfuðborgarsvæðið	171.792	244.177	72.385	42%	347.062	316.562	30.500
Hvítá-Hvítá svæðið	211.491	314.114	102.623	49%	466.533	416.737	49.796

*miðað við mannfjölda í lok þriðja ársfjórðungs 2024.

Heimild: Hagstofa Íslands (2025)

Hvað þýðir óbreyttur vöxtur til ársins 2050?

- **Prír þéttbýliskjarnar hafa vaxið yfir 100% frá árinu 2000**
- **Íbúafjöldi í Reykjanesbæ gæti farið yfir 45.000 íbúa árið 2050**
- **Íbúafjöldi á Selfossi gæti farið yfir 20.000 íbúa árið 2050**
- **Íbúafjöldi í Vogum hefur vaxið yfir 100% frá árinu 2000 og gæti farið yfir 3.000 íbúa árið 2050**
- **Íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 42%, eða rúmlega 72.000 íbúa, frá árinu 2000**
- **Óvissa er hvernig búseta mun þróast til framtíðar í Grindavík**



Mögulegur vöxtur stærstu þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu og höfuðborgarsvæðisins, miðað við áframhaldandi óbreyttan vöxt


Í dag búa um 315.000 manns á Hvítá-Hvítá svæðinu eða um 82% þjóðarinnar. Til samanburðar má nefna að árið 2000 bjuggu á sama svæði um 210.000 manns sem þá var um 76% þjóðarinnar. Ef vöxtur verður óbreyttur á svæðinu til ársins 2050 má gera ráð fyrir að íbúafjöldi á Hvítá-Hvítá svæðinu geti orðið um 460.000 íbúar.

Samkvæmt mannfjöldaspa Hagstofunnar er gert ráð fyrir að meðalaldur Íslendinga muni hækka á komandi árum og samhliða mun íbúum í eldri aldurshópum fjölga. Spá fyrir mannfjölda árið 2050 gerir ráð fyrir fjölgun í öllum aldurshópum, en umtalsverðri aukningu á íbúum á aldursbilinu 40-60 ára sem verður samkvæmt spánni fjölmennasti aldurshópurinn.

Frá árinu 2000 hefur samfélagið tekið umtalsverðum breytingum og hlutfall innflytjenda á landinu öllu hefur aukist verulega. Árið 2000 var hlutfall innflytjenda um 3,2% á móti um 20% árið 2024. Hagstofan gerir ráð fyrir að aðfluttum til landsins muni fjölga um allt að 6.000 manns á næstu 25 árum. Þá hefur fjölskyldusamsetning breyst og einstaklingsfjölskyldum fjölgað til muna.

Kolbeinn H. Stefánsson skoðaði félagslegt landslag í Reykjavík og eru niðurstöður hans settar fram í skýrslunni *"Félagslegt landslag í Reykjavík. Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta"*, sem kom út í janúar 2024.³ Í rannsókninni er horft á áhrifasvæði Reykjavíkur, þ.e. höfuðborgarsvæðið ásamt Reykjanesbæ, Vogum á Vatnsleysuströnd, Hveragerði og Akranes enda er margt sem bendir til þess að fleiri starfi og stundi nám á höfuðborgarsvæðinu en búi þar. Meðal helstu niðurstaða skýrslunnar er að þær bendi ekki til þess að lágtekjufólk leiti í auknum mæli út fyrir Reykjavík þrátt fyrir hækkandi húsnæðisverð. Hins vegar benda þær til þess að rótgrónari lágtekjuhópar, svo sem fjölskyldur einstæðra foreldra og fólk sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun, leita í auknum mæli út fyrir Reykjavík og þá einkum til nágrannasveitarfélaganna utan höfuðborgarsvæðisins en að (oft tekjulágir) innflytjendur hafi komið í þeirra stað. Í skýrslunni kemur einnig fram að hlutfall þeirra sem eru með háskólamenntun er áberandi hærra á höfuðborgarsvæðinu en í nágrannabæjum.

3. [FÉLAGSLEGT LANDSLAG Í REYKJAVÍK. Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta](#)



Samkvæmt Hagstofunni býr 82% þjóðarinnar á Hvítá-Hvítá svæðinu árið 2024. Íbúum á svæðinu hefur fjölgað um rúmlega 100.000 íbúa eða tæplega 50% frá árinu 2000. Miðað við óbreyttan vöxt til ársins 2050 gæti íbúafjöldi á svæðinu orðið 460.000 íbúar.



2.3 Fasteignaverð

Suðvesturhornið er þungamiðja búsetu á landinu og fjölgun íbúa mest þar, að íbúatölu og hlutfalli. Uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur ekki haldið í við fjölgun íbúa, breytingar á búsetumynstri og fjölgun ferðamanna, sem hefur leitt til stöðugs stíganda í fasteignaverði. Fasteignaverð er að jafnaði hæst á höfuðborgarsvæðinu og hækkanir komið fyrst fram þar. Þéttbýliskjarnar utan höfuðborgarsvæðisins hafa fylgt hækkunum fljótt eftir og verið nokkuð samstíga í verði. Síðan 2006 hefur fasteignaverðið þar verið ríflega þriðjungl lægra (30-40%) en á höfuðborgarsvæðinu.⁴


Fasteignaverð er ráðandi þáttur við val á búsetu, ásamt gæðum byggðar, tengingum við svæðið og atvinnusókn. Möguleikar á fjarvinnu, bættar samgöngur og fjölbreytt úrval íbúðagerða vikka út það svæði sem fólk horfir til við fasteignakaup. Próun síðustu sex ára gefa vísbendingar um að munur á fasteignaverði höfuðborgarsvæðisins og stærstu þéttbýliskjarna utan þess, t.a.m. Akraness, Árborgar og Reykjanesbæjar, fari minnkandi. Samkvæmt gögnum frá HMS hækkaði fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu um 162% á árunum 2006 til 2024 en 180% í þéttbýliskjörnunum þar fyrir utan. Frá árinu 2020 hefur munur á fasteignaverði minnkað úr 36% í 28%.

4. [Kaupverðsjá Húsnæðis- og mannvikjastofnunar](#)

Áhrif vaxtar á fasteignaverð

- **Fasteignaverð er afgerandi þáttur við val á búsetu auk atriða eins og gæða byggðar, samgangna, innviða og atvinnutækifæra**
- **Vísbendingar eru um að munur á fasteignaverði innan Hvítá-Hvítá svæðisins fari minnkandi**
- **Fjölbreytt atvinnutækifæri og möguleikar á fjarvinnu eru m.a. liður í hækkun fasteignaverðs utan höfuðborgarsvæðisins**

- Árborg
- Akranes
- Reykjanesbær
- Höfuðborgarsvæðið



Próun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu, Árborg, Akranesi og Reykjanesbæ á árunum 2006-2024






2.4 Virkt þéttbýlissvæði

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD *Organisation for Economic Co-operation and Development*, skilgreinir virkt þéttbýlissvæði (e. Functional urban area (FUA)) sem borg auk vinnusóknarsvæðisins umhverfis hana.


Út frá skilgreiningu OECD mætti líta á höfuðborgarsvæðið, auk þéttbýliskjarna innan Hvítá-Hvítá svæðisins, sem eitt virkt þéttbýlissvæði.

Virkt þéttbýlissvæði

- Borg auk vinnu- og skólasóknarsvæðis umhverfis hana
- Höfuðborgarsvæðið auk þeirra þéttbýliskjarna sem falla innan Hvítár-Hvítár svæðisins



Höfuðborgarsvæðið



Virkt þéttbýlissvæði höfuðborgarsvæðisins

2.5 Vinnu- og skólasóknarsvæði

Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá nágrannasveitarfélögunum hefur mikil áhrif á höfuðborgarsvæðið. Við vinnslu verkefnisins kom í ljós að skortur er á fullnægjandi gögnum varðandi vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins. Út frá þeim gögnum sem til eru má hins vegar ætla að fjöldi þeirra sem sækir vinnu inn til höfuðborgarsvæðisins frá þéttbýliskjörnum utan þess sé þónokkur. Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins á Hvítá-Hvítá svæðinu virðist að mestu bundin við hámark 45 mínútna akstursfjarlægð frá heimilum fólks og er fólk með hærra menntunarstig og hærri tekjur líklegra til þess að ferðast lengra til vinnu en aðrir.

Stakir þéttbýliskjarnar utan höfuðborgarsvæðisins geta einnig talist vinnusóknarsvæði. Þar má t.d. nefna Reykjanesbæ þangað sem fólk af öllu Reykjanesinu og höfuðborgarsvæðinu sækir vinnu. Einnig Selfoss en þar er fjölbreytt þjónusta og atvinnustarfsemi sem fólk af öllu Suðurlandinu sækir.

Árið 2021 kom út skýrslan Vinnu- og skólasóknarsvæði og almenningssamgöngur þar sem vinnu- og skólasóknarsvæði á Íslandi eru kortlögð. Þar kemur m.a. fram að á öllu Hvítá-Hvítá svæðinu sé vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins um og yfir 10% af vinnumarkaði. Sé litið á þrengri hring um höfuðborgarsvæðið; Akranes, Hveragerði, Þorlákshöfn og Voga á Vatnsleysuströnd er hlutfallið hins vegar yfir 20% af vinnumarkaði.⁵ Gera má ráð fyrir því að þetta hlutfall hækki t.d. vegna bættra samgangna og auk sveigjanlegra atvinnutækifæra.


Í ferðavenjukönnun sem Stjórnarráðið lagði fyrir árið 2022 kemur fram að tæplega 30% íbúa á landsbyggðinni ferðist reglulega til höfuðborgarsvæðisins. Hlutfallið er herra hjá þeim sem sækja skóla (um 50%) og þeim sem vinna sérfræðistörf (rúmlega 40%). Þá má einnig lesa úr könnuninni að þau sem hæstar tekjur hafa ferðast mun oft til höfuðborgarsvæðisins heldur en þau sem hafa lægri tekjur. Þessar tölur ríma ágætlega við tölur um að fólk með herra menntunarstig sé líklegra til að ferðast milli sveitarfélaga vegna vinnu.⁶

5. [Vinnu- og skólasóknarsvæði og almenningssamgöngur](#)
6. [Ferðavenjukönnun 2022](#)



Vinnu- og skólasóknarsvæði

- Það svæði umhverfis þéttbýli þangað sem fólk ferðast daglega á milli vegna vinnu og skóla
- Stærð svæðis ræðst af gæðum samgangna og framboði starfa á svæðinu
- Getur verið betra viðmiðunarsvæði en sveitarfélög eða landshlutar þegar litið er til byggðapróunar
- Hvítá-Hvítá svæðið er nokkuð heildstæður vinnumarkaður
- Takmörkuð gögn eru til um vinnu- og skólasókn á svæðinu
- Einstaklingar með herra menntunarstig og hærri tekjur eru líklegri til þess að ferðast lengra til vinnu en tekjulægri



Vinnu- og skólasóknarsvæði miðað við 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík



2.6 Aðrar stefnur og áætlanir

Við mat á áhrifaþáttum er m.a. horft til markmiða og leiðarljósa ríkjandi stefna og áætlana. Í skipulagsáætlun má m.a. finna markmið varðandi þróun og nýtingu en eitt af meginmarkmiðum skipulagslaga er að skipulag stuðli að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

2.6.1 Skipulagsáætlanir

Landsskipulagsstefna 2024-2038 var samþykkt árið 2024. Stefnan byggir í meginatriðum á leiðarljósum eldri stefnu um að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun, sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Jafnframt eigi það að stuðla að bættum lífsgæðum fólks og styðja samkeppnishæfni landsins alls sem og einstakra landshluta. Þá eru sett fram markmið um:


- A. vernd umhverfis og náttúru
- B. velsæld samfélags
- C. samkeppnishæft atvinnulíf

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var samþykkt árið 2016 og nær til ársins 2040. Í svæðisskipulaginu er mörkuð stefna um þróun byggðar og lands og dregin upp vaxtamörk byggðar. Hryggjarstykki svæðisskipulagsins er fyrirhuguð Borgarlína og er stefnt að því að meginþunga vaxtar skuli beint á samgöngumiðuð svæði tengd legu Borgarlínu. Stefna svæðisskipulagsins er sett fram í 6 leiðarljósum sem fylgt er eftir með markmiðum.

- Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins
- Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi
- Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni
- Heilnæmt umhverfi
- Gott nærumhverfi
- Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins

Skipulagsstofnun og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) gáfu út leiðbeiningaritið *"Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli"* árið 2023. Ritinu er skipt upp í fjóra flokka þar sem fjallað er um eftirtalin atriði:

- Landnotkun
- Þéttleika og gæði byggðar
- Vistvænar samgöngur
- Almenningsrými og græn svæði



Mótun byggðar og umhverfis

2.6.2 Borgarstefna

OECD hefur lagt ríka áherslu á að ríki móti sér sérstaka borgarstefnu (e. National Urban Policy) sem stuðli að sjálfbærum vexti borga og borgarsvæða og aukinni skilvirkni sem lið í að efla samkeppnishæfni viðkomandi svæða og þar með landa.

Í júní 2024 gaf Stjórnarráð Íslands – Innviðaráðuneytið út skjalið *„Borgarstefna – Tillögur starfshóps um mótun borgarstefnu“*.⁷ Þar kemur fram að áhrifasvæði Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins markist af Hvítá í vestri og Hvítá í austri. Framtíðarsýn þess svæðis er m.a. að svæðið verði eft í alþjóðlegu samhengi og verði eftirsóknarverðara til bæði búsetu og starfa. Þá verði horft til þess að við ákvarðanir um skipulag og uppbyggingu innviða verði horft á svæðið sem eina heild.

Viðmið borgarstefnu (NUP) OECD spegluð við borgarstefnu Íslands




Viðmið borgarstefnu (NUP) OECD spegluð við borgarstefnu Íslands.

7. [Borgarstefna Tillögur starfshóps um mótun borgarstefnu](#)



Lykilviðfangsefni tillögu að borgarstefnu eru:

- Framúrskarandi í loftslagsmálum
- Móttaka innflytjenda
- Innviðir
- Samfélag
- Atvinnulíf, fjárfestingar og nýsköpun



Borgarsvæði og áhrifasvæði þeirra



2.6.3 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru samþykkt af öllum aðildarríkjum í september 2015. Þá skuldbundu aðildarríkin sig til að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna 17, og undirmarkmiðanna 169, á innlendum og erlendum vettvangi á gildistíma þeirra 2016-2030. Markmiðin byggja á þremur stöðum sjálfbærrar þróunar; efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum. Markmið númer 11 fjallar um sjálfbærar borgir og samfélög og stefnir að því að gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.⁸



8. Heimsmarkmiðin

Undirmarkmið heimsmarkmiðs 11 eru m.a:

- Fullnægjandi og öruggt húsnæði
- Öruggar og sjálfbærar almenningssamgöngur á viðráðanlegu verði
- Aukin þátttaka/aðkoma almennings í skipulagsmálum
- Draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum, m.a. bæta loftgæði
- Aukin jákvæð tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis með því að styðja við byggðapróun á landsvísu
- Græn svæði örugg og aðgengileg fyrir alla, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk

2.6.4 Sóknaráætlanir

Drög að sóknaráætlun Hvítár-Hvítár svæðisins voru gefin út af forsætisráðuneytinu árið 2020. Haldnir voru þjóðfundir á fjórum stöðum; Vesturlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu og niðurstöður fundanna notaðar til að greina sérstöðu og sóknartækifæri hvers svæðis fyrir sig. Sameiginleg sóknartækifæri allra svæða sneru helst að ferðaþjónustu, þekkingariðnaði, framleiðslu, orkuvinnslu og hentugri staðsetningu svæðisins með tilliti til erlendra viðskipta.⁹

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029 byggir á framtíðarsýn Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins til 2040 og í henni eru þrír meginflokkar til umfjöllunar: velferðar- og samfélagsmál, umhverfis- og samgöngumál auk atvinnu- og nýsköpunarmála. Eitt af þeim verkefnum sem nefnt er sérstaklega er áframhaldandi vinna við greiningu á samfélags- og byggðapróun á Hvítá-Hvítá svæðinu.¹⁰ Samningur um fjármögnun sóknaráætlana allra landshluta til næstu fimm ára var undirritaður þann 28. janúar 2025.¹¹



Atvinna og nýsköpun



Umhverfis- og samgöngumál



Velferð og samfélag

9. [Drög að sóknaráætlun Hvítár-Hvítár svæðisins](#)
10. [Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029](#)
11. [Undirritun samnings á sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins](#)



Meginmálaflokkar sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2025-2029

- Atvinna og nýsköpun
 - Nýsköpun og samkeppnishæfni
 - Stafræn þróun
- Umhverfis- og samgöngumál
 - Samgöngumál
 - Loftgæði
 - Græn svæði
 - Sjálfbærni og hringrásarlausnir
- Velferð og samfélag
 - Húsnæðismál
 - Velferðarmál
 - Menntamál
 - Samfélag




2.6.5 Loftslagsstefnur og áætlanir

Sameiginleg loftslagsstefna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gerir ráð fyrir að svæðið verði kolefnishlutlaust í síðasta lagi árið 2035. Þá hafa stjórnvöld sett fram loftgæðaáætlun til 12 ára þar sem m.a. kemur fram að fækka skuli ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar og fjölda daga þar sem svífryk mælist yfir mörkum. Helstu uppsprettur svífryks í þéttbýli eru umferð (slit gatna, útblástur bíla o.fl.), byggingaframkvæmdir og uppþýrlun göturyks.¹² Árið 2024 kom út skýrsla sem setur fram tillögur að aðgerðum fyrir sveitarfélögin varðandi framfylgd loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Í henni er m.a. lögð áhersla á að sveitarfélögin einbeiti sér að þeim losunarflokkum sem þau geta haft mest áhrif á og velji aðgerðir þar sem mestur loftslagsávinningur fæst fyrir hverja krónu.¹³

12. [Hreint loft til framtíðar](#)
13. [Innleiðing loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins](#)

Markmið í loftslagsmálum:

- **Fækka árlegum fjölda daga þar sem svífryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2029**
- **Stefnt er að kolefnishlutleysi árið 2035 skv loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins**
- **Fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar**





2.7 Samgöngur

Ef vöxtur þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu næst höfuðborgarsvæðinu helst óbreyttur til ársins 2050, má samhliða gera ráð fyrir að sá fjöldi fólks sem sækir atvinnu og þjónustu inn til höfuðborgarsvæðisins aukist.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni gerir stofnunin ráð fyrir því að umferð muni almennt aukast að meðaltali 49-80% um allt land á árunum 2022-2050. Samhliða aukinni umferð eykst ferðatími. Á höfuðborgarsvæðinu hefur tafatími að jafnaði aukist um 10 sek. á milli ára undanfarin ár.¹⁴ Mælingar á umferð á höfuðborgarsvæðinu sýna að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eyddu að meðaltali um 3 klst meiri tíma í bíl árið 2024 en árið á undan.

Álag á stofnvegi einskorðast ekki við aukinn vöxt þéttbýliskjarna, samhliða aukinni umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu heldur er einnig um að ræða aukinn fjölda erlendra ferðamanna. Stærstur hluti ferðamanna kemur til landsins um Keflavíkurflugvöll og stærsti straumur ferðamanna út fyrir höfuðborgarsvæðið er um Suðurland.



14. Reykjavík Traffic

Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu


- **Aukinn vöxtur þéttbýliskjarna innan Hvítár-Hvítár svæðisins mun auka umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu**
- **Vegagerðin gerir ráð fyrir að umferð muni almennt aukast um 49-80% frá árinu 2022 til ársins 2050**
- **Ef fer sem horfir mun núverandi vegakerfi ekki anna þeirri umferðaaukningu**
- **Borgarlína og bætt stofnstígakerfi göngu- og hjólréiða tryggja íbúum höfuðborgarsvæðisins betra aðgengi að fjölbreyttum samgöngumátum**
- **Tafatími eykst að jafnaði um 10 sek. á hverju ári á höfuðborgarsvæðinu**
- **70 nýskráð ökutæki hafa verið skráð, að meðaltali, á höfuðborgarsvæðinu í hverri viku frá árinu 2016**



2.7.1 Uppbygging samgönguinnviða

Jafnan er mikil umræða um samgöngur, umferðatafir og uppbyggingu samgönguinnviða. Samgöngukostnaður er einn af stærstu útgjaldaliðum heimila og því mikið hagsmunamál. Legið hefur fyrir frá samþykkt gildandi svæðisskipulags árið 2015, sameiginleg sýn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu nýs almenningssamgöngukerfis Borgarlínu. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins var endurnýjaður árið 2024. Samhliða uppbyggingu Borgarlínu tekur sáttmálinn til uppbyggingu stofnbrauta, bættis umferðarflæðis og stækkun stofnstígakerfis göngu- og hjólastíga. Frá því að sáttmálinn var fyrst undirritaður árið 2019 hafa um 20 km af göngu- og hjólastígum bæst við og á áætlun er að byggja upp um 80 km til viðbótar fyrir árið 2040.¹⁵

Í vinnslu er valkostagreining á mögulegri legu Sundabrautar en tilkoma hennar myndi m.a. stytta vegalengdir milli þéttbýliskjarna á Vesturlandi og höfuðborgarsvæðisins. Einnig hefur verið skoðað að bæta almenningssamgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins en bættar almenningssamgöngur þar á milli gætu haft veruleg jákvæð áhrif á umferðarþunga á Reykjanesbraut og höfuðborgarsvæðinu.



Myndin sýnir hvernig samgöngukerfin tvö, vegir og umferð ökutækja og leiðarkerfi Borgarlínu munu spila saman


15. Uppfærður samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins

2.7.2 Almenningsamgöngur

Bættar almenningssamgöngur bæta borgarímynd, létta á öðrum samgönguinnviðum og stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa ásamt því að draga úr útblæstri koltvísýrings. Strætó rekur almenningssamgangnakerfið bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Leiðir ganga frá höfuðborgarsvæðinu að helstu þéttbýliskjörnum á suðvesturhorninu. Leið 55 (Reykjanes) endar við skiptistöð við Fjörðinn í Hafnarfirði, leið 57 (Vesturland) endar við skiptistöð við Þverholt í Mosfellsbæ og leiðir 51 og 52 (Suðurland) enda við skiptistöð í Mjódd.

Með tilkomu Borgarlínu og samhliða aukinni uppbyggingu á miðkjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum verður til raunhæft val fyrir stóran hluta íbúa á höfuðborgarsvæðinu um ferðamata. Fyrirhugað samþætt leiðarkerfi Borgarlínu og Strætó mun þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu vel. Til þess að almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu nýtist einnig þeim sem koma til borgarinnar frá ytri svæðum Hvítá-Hvítá þyrfti annað hvort að horfa á leiðarnetið í stærra samhengi, samspil þess við landsbyggðastrætó eða aðrar lausnir eins og miðlægar skiptistöðvar með lausnum líkt og „park'n'ride.“

Ávinningur bættra almenningssamgangna er margþættur og telur m.a. til umhverfis-, efnahags-, og samfélagslegra þátta.



Myndin sýnir samspil landsbyggðastrætó og leiðarkerfis Borgarlínu



3. ÁHRIFAPÆTTIR







3.1 Umferðamagn og ferðatími

Ljóst er af umferðatalningum Vegagerðarinnar að töluverð aukning umferðar hefur orðið á þremur megin þjóðvegum inn til höfuðborgarsvæðisins; Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut síðastliðin 25 ár. Spár Vegagerðarinnar gera ráð fyrir um það bil 50-80% umferðaraukningu á þjóðvegum landsins til ársins 2050. Erfitt er að nálgast nákvæm gögn um hversu mikill fjöldi fólks sækir vinnu, skóla og þjónustu inn til höfuðborgarsvæðisins. Miðað við þau gögn sem þó liggja fyrir og þess eðlis höfuðborga, þ.e. að þjónusta landið allt, má gera ráð fyrir að þessi fjöldi sé töluverður.

Vöxtur þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu er líklegur til þess að leiða af sér verulega aukningu í umferð inn til höfuðborgarsvæðisins þar sem fjöldi fólks sækir vinnu, skóla og þjónustu til höfuðborgarinnar. Samhliða aukinni umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu mun ferðatími aukast sbr. þróunina síðustu ár. Með auknum ferðatíma tapast dýrmætur tími sem annars mætti verja í annað s.s. gæðastundir með fjölskyldum eða vinum, útivist afþreyingu eða annað. Telja má víst að núverandi samgöngukerfi í óbreyttri mynd muni ekki anna þessari auknu umferð.


Hryggjastykki nýs svæðisskipulags er fyrirhuguð Borgarlína og hefur uppbyggingu hennar, ásamt bættum stofnstígum göngu- og hjólreiða, verið tryggt fjármagn í uppfærðum samgöngusáttmála. Núverandi áætlanir taka þó ekki á samspili aukinnar umferðar inn til höfuðborgarsvæðisins og bættum vistvænum samgöngumátum innan höfuðborgarsvæðisins. Samhliða auknum vexti þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu er einnig mikilvægt að huga að bættum almenningssamgöngum á stærra svæði sem og samsettum ferðamátum innan svæðisins alls svo svæðið allt hafi raunhæft val um skilvirka samgöngumáta til hagsbóta fyrir öll.



Mikilvægt að horfa á samspil ólíkra samgöngumáta í jaðri höfuðborgarsvæðisins m.a. til þess að auka tækifæri fólks til þess að nýta samsetta ferðamáta sérstaklega þegar horft er til lengri tíma

Áhrif vaxtar á umferðarmagn og ferðatíma á höfuðborgarsvæðinu:

- **Að óbreyttu mun umferð bifreiða aukast verulega til og frá höfuðborgarsvæðinu sem og innan þess**
- **Núverandi gatnakerfi mun ekki anna þeirri viðbótarumferð sem fylgir óbreyttum vexti**
- **Ferðatími mun aukast bæði innan höfuðborgarsvæðisins og á stofnvegum til og frá höfuðborgarsvæðinu**
- **Dýrmætur tími íbúa tapast samhliða auknum ferðatíma**
- **Aukin þörf verður á fjölbreyttari samgöngulausnum**



Myndin sýnir áætlaða viðbótarumferð árið 2050 á stofnvegum inn til höfuðborgarsvæðisins miðað við 65% aukningu umferðar. Gera má ráð fyrir að stærsti hluti umferðar leggist einnig ofan á vegakerfið innan höfuðborgarsvæðisins





3.2 Umhverfisáhrif

Til umhverfisáhrifa teljast meðal annars, svifryk, hávaði og mengun. Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar og stjórnvöld sett fram markmið um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda en umfangsmesti losunarflokkurinn í beinni ábyrgð Íslands eru vegasamgöngur.

Vöxtur þéttbýliskjarna og aukin umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu og innan þess er líkleg til þess að leiða af sér aukna megnun á höfuðborgarsvæðinu, lakari loftgæði, aukid svifryk og aukinn hávaða. Aukin mengun leiðir af sér lakari lífsgæði íbúa á höfuðborgarsvæðinu, dregur úr tækifærum til hreyfingar og útvisar á dögum sem lök loftgæði ríkja og eykur álag á sjúkrastofnanir. Við skipulag og hönnun gæti þurft að beita mótvægisáðgerðum sérstaklega nálægt þungum umferðaræðum þar sem uppspretta hávaða og svifryks er yfir viðmiðunarmörkum. Slíkar mótvægisáðgerðir geta haft neikvæð áhrif á borgarumhverfið s.s. háar hljóðmanir eða hljóðskermar. Aukin umferð og stærri umferðarmannvirki draga úr nýtingarmöguleikum almenningsrýmis og þátttöku viðkvæmari hópa.



Svifryk, hávaði og mengun hafa neikvæð áhrif á lífsgæði íbúa á höfuðborgarsvæðinu



Áhrif vaxtar á svifryk, hávaða og mengun á höfuðborgarsvæðinu:

- **Aukin umferð bifreiða dregur úr loftgæðum íbúa á höfuðborgarsvæðinu**
- **Aukin mengun hefur neikvæð áhrif á heilsu fólks og getur þannig aukið líkur á sjúkdómum**
- **Aukin umferð hefur neikvæð áhrif á hljóðvist á höfuðborgarsvæðinu**
- **Aukin mengun s.s. svifryk sest m.a. í læki, tjarnir og skilar sér út í grunnvatn og/eða sjó**
- **Aukin umferð er líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á markmið höfuðborgarsvæðisins um kolefnishlutleysi 2035**
- **Aukin svifryksmengun getur haft neikvæð áhrif á vatnabúskap og vatnafar**






3.3 Húsnæði og lýðfræði

Húsnæðismál eru ein af stærstu áskorunum dagsins í dag, en þau eru í senn velferðarmál, efnahagsmál, umhverfismál og jafnréttismál. Mikilvægt er að unnt sé að tryggja nægt framboð fjölbreytts húsnæðis sem mætir þörfum ólíkra hópa hverju sinni. Við skipulag og uppbyggingu sé tekið mið af langtímasjónarmiðum, horft til gæða, endingar og umhverfis. Framboð fjölbreytts húsnæðis er mikilvægt til þess að tryggja samkeppnishæfni og jöfn tækifæri. Mikilvægt er að stöðugleiki ríki um framboð húsnæðis í samræmi við íbúðapörf og þarfir atvinnulífs. Öll sveitarfélög innan Hvítár-Hvítár svæðisins gera ráð fyrir töluverðri mannfjöldaaukningu, jafnvel umfram þá aukningu sem hefur verið síðustu 25 ár. Þá er líklegt að á komandi árum muni meðalaldur landsmanna hækka og fjölga muni verulega í eldri aldurshópum. Á undanförunum árum hefur íbúum í heimili almennt fækkað og fjölskyldusamsetning breyst. Fasteignaverð í nágrannasveitarfélögunum fylgir hlutfallshækkun höfuðborgarsvæðisins. Þrátt fyrir verðsveiflur, sem koma fyrst fram á höfuðborgarsvæðinu, bendir þróunin til þess að heldur dragi saman með fasteignaverði á höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýliskjörnum innan Hvítár-Hvítár svæðisins.

Í skýrslunni „Félagslegt landslag í Reykjavík. Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta“, kemur m.a. fram að með hækkingu fasteignaverðis á höfuðborgarsvæðinu er lágtekjufólk öðru líklegt til að leita út fyrir höfuðborgarsvæðið, t.d. til þess að tryggja sér stærra húsnæði eða til að hafa efni á húsnæði yfirhöfuð.¹⁶ Þá kemur einnig fram að rótgrónari lágtekjuhópar s.s. fjölskyldur einstæðra foreldra og fólk sem fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingarstofnun leita í auknum mæli út fyrir Reykjavík, þá einkum til nágrannasveitarfélaganna utan höfuðborgarsvæðisins. Það má leiða líkur að því að fólk leiti í auknu mæli í nágrannasveitarfélögin þar sem húsnæðisverð er lægra. Getur sú þróun ýtt undir misskiptingu og líklegt að einsleitari hópa verði að finna bæði innan höfuðborgarsvæðisins og í nágrannasveitarfélögunum, með auknu aldurs- og efnahagsbili. Í stað efnaminna fólks sem flyst á brott kemur gjarnan fólk af erlendum uppruna. Misskipting tengd búsetu nær til efnahags, aldurs og uppruna. Hætt er við að ákveðin svæði sitji eftir líflaus ef of stór hluti vinnuafis hverfur af höfuðborgarsvæðinu að vinnu lokinni.


16. FÉLAGSLEGT LANDSLAG Í REYKJAVÍK, Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta



Fjölbreytt búsetuform innan hverfis.
Heimild: Mannlífi, byggð og bæjarrými

Áhrif vaxtar á húsnæði og lýðfræði á höfuðborgarsvæðinu:

- **Hækkandi fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu er líklegt til þess að ýta undir vöxt annarra þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu**
- **Hækkandi fasteignaverð er líklegt til þess að auka misskiptingu og einsleitari íbúasamsetningu bæði á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannabæjum**
- **Fjarvera vegna vinnusóknar setur mark sitt á samfélög vegna aðskilnaðar atvinnu- og búsvæða**
- **Aukin misskipting er líkleg til þess að leiða af sér auknar félagslegar áskoranir þar sem samfélög þrífast jafnan betur þar sem jafnvægi ríkir og jöfn tækifæri eru fyrir íbúa**







3.4 Gæði og ásynd bæjarrýma

Mat á gæðum byggðar byggir á samspili margra þátta, bæði áþreifanlegra og óáþreifanlegra. Í leiðbeiningaritinu, *Mannlíf, byggð og bæjarrými* er m.a. fjallað um þessi atriði og bent á sex skipulagsforsendur til þess að hafa í huga sem mótandi áhrif á gæði byggðar, þau eru: byggðamynstur, gróður, vindur og skjól, hlutfall húsa og gatna, sól og skuggi og jarðhæðir.¹⁷

Helstu umhverfisáhrif óbreytts vaxtar þéttbýliskjarna á höfuðborgarsvæðinu er aukin umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu. Aukin umferð inn til höfuðborgarsvæðisins er líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á gæði og ásynd bæjarrýma á höfuðborgarsvæðinu þar sem aukin umferð einkabíla kallar m.a. á aukið umfang innviða s.s. stærri og fleiri samgöngumannvirki, aukinn fjölda bílastæða og eins er aukin umferð líkleg til þess að leiða af sér aukinn ferðatíma, auknar umferðatafir, aukna mengun o.fl. Óhagkvæm ráðstöfun og nýting lands með fjölgun umfangsmikilla samgöngumannvirkja, s.s. mislægra gatnamóta, hefur neikvæð áhrif á umhverfið, samfélög, almenningsrými og dvalarsvæði, vistvænar samgöngur, andlega líðan, mannlíf milli húsa og dregur úr tækifærum fyrir starfsemi á jarðhæðum. Umfang og eðli slíkra samgöngumannvirkja er líklegt til þess að draga úr löngun fólks til þess að nýta aðra samgöngumáta s.s. göngu og hjólréiðar og hafa sem og að hafa neikvæð áhrif á umferðaöryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þá er gísín byggð ekki jafn líkleg til þess að hafa jákvæð áhrif á skjólmyndun og draga úr vindi í byggðu umhverfi eins og vel skipulögð þéttari byggð.



Skipulagsforsendur til að hafa í huga sem mótandi áhrif á gæði byggðar
Heimild: Mannlíf, byggð og bæjarrými



Samspil ólíkra þátta stuðla að lífsgæðum og gæðum byggðar, þeir þættir tengjast heimsmarkmiðum og saman miða þeir að því að auka sjálfbærni samfélaga og byggða



Áhrif vaxtar á gæði og ásynd bæjarrýma á höfuðborgarsvæðinu:

- **Umfangsmikil umferðamannvirki draga úr gæðum byggðar, skerða lóðaframboð og hafa neikvæð áhrif á ásynd borgarrýmisins**
- **Óvistlegri aðstæður skapast fyrir vistvæna samgöngumáta, s.s. almenningssamgöngur, göngu og hjólréiðar**
- **Dregur úr tækifærum fyrir fjölbreytta verslun og þjónustu í nærumhverfi**
- **Lakari loftgæði, almenningsrými og dvalarsvæði, sem einnig dregur úr aðstæðum fyrir félagslegt samneyti íbúa**
- **Líklegt til að skapa bæjarmynstur sem hefur ekki jákvæð áhrif t.d. á skjólmyndun**



Umfangsmikil samgöngumannvirki leiða af sér aðskilda landnotkun, óhagkvæma nýtingu lands, lakari loftgæði og óvistlegri umhverfi



Sjálfbært borgarskipulag með áherslu á þetta og blandaða byggð og fjölbreytta ferðamáta bætir forsendur fyrir gæði byggðar

17. Mannlíf, byggð og bæjarrými




3.5 Öryggi gangandi og hjólandi

Við uppbyggingu samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu er mikil áhersla lögð á vistvæna ferðamáta, almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi. Í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins eru m.a. lagðar línur að uppbyggingu öflugs stofnstígakerfis göngu- og hjólandi innan höfuðborgarsvæðisins. Í uppfærslu samgöngusáttmála kemur einnig fram að stuðla skuli að auknu umferðaröryggi með það að markmið að draga stórlega úr umferðaslysum. Þá skal einnig hafa mannlíf og heilsu íbúa í öndvegi og öryggi framar í forgangs röðun en ferðatíma, þægindi eða önnur markmið framkvæmda og aðgerða í umferðamálum.¹⁸

Líklegt er að umferð aukist til og frá höfuðborgarsvæðinu á komandi árum. Samhliða aukinni umferð má gera ráð fyrir samhliða aukningu í tíðni fjölda slysa. Samkvæmt norsku umferðaröryggishandbókinni má gera ráð fyrir að 1% aukning á umferð leiði til, að meðaltali, 0,874% fjölgunar slysa.¹⁹

Fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur er oft meira krefjandi að þvera marg-akreina götur og umfangsmeiri samgöngumannvirki. Líklegra er að slíkt umhverfi kalli einnig á kostnaðarmeiri innviði fyrir gangandi og hjólandi s.s. brýr og/eða undirgöng. Undirgöng hafa oft neikvæð áhrif á upplifun notenda nema sýnileiki og aðgengi sé gott. Vöxtur þéttbýliskjarna og aukin umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu og innan þess er líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

18. [Uppfærður samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins](#)
19. [Norska umferðaröryggishandbókin](#)



Umfangsmikil samgöngumannvirki fyrir bílaumferð draga úr öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda




Skipulag miðað að vistvænum samgöngum eykur öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda



Áhrif vaxtar á öryggi gangandi og hjólandi á höfuðborgarsvæðinu:

- **Horfa þarf enn frekar til þess að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda**
- **Umfangsmikil samgöngumannvirki leiða oft af sér aukinn umferðahraða**
- **Aukin umferð bifreiða kallar á aukin samgöngumannvirki, sem gæti leitt af sér erfiðari aðstæður fyrir gangandi og hjólandi s.s. vegna þveranna og umferðaröryggis**
- **Aukin umferð leiðir til lakari loftgæða og hljóðvistar sem hefur neikvæð áhrif á gangandi og hjólandi vegfarendur**
- **1% aukning í umferð getur leitt til 0,874% aukningar slysa að meðaltali**




Samkvæmt áætlunum Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að umferð muni almennt aukast um 49-80% til ársins 2050.



3.6 Náttúrugæði

Fjölmörg atriði hafa áhrif á það sem við köllum lífsgæði og geta þau verið, eða vegið, mismunandi hjá fólki. Lífsgæði íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru m.a. fólgin í nálægð íbúa höfuðborgarsvæðisins við náttúrugæði og náttúrulegt umhverfi sem skapa svæðinu ríka sérstöðu. Jafnan meta margir til lífsgæða að hafa gott aðgengi að umhverfi sem hvetur til hreyfingar og vellíðunar, með góðum aðstæðum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, hreyfingu, útiveru og góðu aðgengi að grænum og náttúrulegum svæðum. Allt eru þetta atriði sem styðja við andlega og líkamlega heilsu og teljast til gæða og lífsbóta. Á höfuðborgarsvæðinu tengja grænir geirar Græna trefilinn við strandstíga Blápráðarins og mynda þannig heildstætt net útivistarsvæða sem er aðgengilegt öllum.

Góð vatnsból í upplandinu sjá íbúum höfuðborgarsvæðisins fyrir hreinu og heilnæmu drykkjarvatni. Mikilvægt er að yfirvöld hafi skýra sameiginlega sýn þar sem tryggð er áframhaldandi varðveisla náttúru- og útivistarsvæða og vatnsbóla. Er það mikilvægt bæði samfara auknum vexti á svæðinu öllu, minni þéttbýliskjörnum sem og höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Í svæðisskipulagi eru dregin skýr vaxtamörk utan um höfuðborgarsvæðið til þess að tryggja áframhaldandi varðveislu og eflingu þeirra gæða sem íbúar á höfuðborgarsvæðinu byggja að stórum hluta lífsgæði sín á.




Grænir geirar liggja í gegnum höfuðborgarsvæðið og tengja Græna trefilinn og Blápráðinn saman



Áhrif vaxtar á náttúrugæði á höfuðborgarsvæðinu:

- **Álag, mikilvægi og kostnaður við verndun og varðveislu náttúrusvæði eykst**
- **Álag, mikilvægi og kostnaður við stígakerfi og aðra innviði eykst**
- **Mikilvægi þess að standa vörð um náttúrugæði, vatnsvernd, vatnsból o.fl. eykst**





3.7 Atvinnumál og samkeppnishæfni


Í tillögu að Borgarstefnu kemur m.a. fram að á Hvítá-Hvítá svæðinu verður til rúmlega helmingur þeirrar þjóðarframleiðslu sem nýtist landinu öllu. Ástæða er helst sú að á svæðinu eru að jafnaði fleiri stærri fyrirtæki, alþjóðleg fyrirtæki og fyrirtæki sem stunda útflutning á þekkingartengdu hugviti. Mikil tækifæri liggja í eflingu öflugra fyrirtækja á svæðinu m.a. m.t.t. útflutnings á hugviti og tækni. Áskoranir felast m.a. í áframhaldandi uppbyggingu innviða, framboði raforku og því að skapa samkeppnishæfa umgjörð fyrir öflugt atvinnulíf.

Höfuðborgarsvæðið keppir einna helst við erlend borgarsamfélög um sérhæft starfsfólk og fyrirtæki og því mikilvægt að tryggja að svæðið sé eftirsóknarvert til búsetu fyrir þann hóp.²⁰ Þar vega atriði eins og aukin umhverfisgæði, bætt lýðheilsa, öflugir innviðir, öflug menningarstarfsemi, aðgengi að menntun, verslun og þjónustu, nútímalegar samgöngur og aðgengi að náttúrulegu umhverfi hátt. Í fylgiriti svæðisskipulagsins *Höfuðborgarsvæðið og hagkerfið* kemur m.a. fram að verulegur munur er á menntunarstigi milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.²¹ Það má því segja að samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins sé að miklu leyti háð uppbyggingu öflugs borgarsamfélags sem stendur jafnfætis öðrum eftirsóknarverðum borgarsamfélögum t.d. á Norðurlöndum og í Evrópu.


Á höfuðborgarsvæðinu er að finna miðstöðvar menningar, menntunar og sértækrar heilbrigðisþjónustu sem þjónar landinu öllu. Aðsókn í menningu, afþreyingu og heilbrigðisþjónustu mun aukast með fólksfjölgun og ferðamennsku. Vert er að huga að nærþjónustu, í hverfum og bæjarhlutum, svo hún verði ekki undir vegna aukinnar áherslu á miðlægar stofnanir sem veita breiða þjónustu á landsvisu. Menningarlandslag höfuðborgarsvæðisins er ekki mælt í hekturum en byggist á formlegum og óformlegum athöfnum íbúa og fagfólks, sem gera þarf ráð fyrir.²²

Helsta forsenda fyrir myndun öflugs borgarsvæðis er að horft sé á svæðið sem eitt atvinnusvæði, með öflugum almenningssamgögnum og hugsu stór innviðaverkefni eins og útflutningshafnir með heildstæðum hætti. Skortur á sameiginlegri sýn suðvesturhornsins í uppbyggingu bæði húsnæðis og innviða getur hamlað uppbyggingu, hagkvæmri nýtingu lands og áframhaldandi þróun samkeppnishæfs borgarsamfélags. Þá er líklegra en ekki að skortur á sameiginlegri sýn og stefnu leiði til kostnaðarsamari framkvæmda, uppbyggingar og reksturs innviða þar sem tækifæri til samnýtingar eru takmörkuð.

20. [Höfuðborgarsvæðið 2040](#)
21. [Vaxtarsamningur fyrir Höfuðborgarsvæðið](#)
22. [Höfuðborgarsvæðið 2040](#)



Höfuðborgarsvæðið er í samkeppni við önnur borgarsamfélög í Evrópu um sérhæft starfsfólk og fyrirtæki




Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er m.a. fjallað um hagkvæma byggðapróun með góðu samstarfi á milli landshluta



Áhrif vaxtar á atvinnumál og samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins:

- **Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins er að miklu leiti háð uppbyggingu öflugs borgarsamfélags**
- **Ómarkviss uppbygging og dreifð búseta er líkleg til þess að draga úr samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins í alþjóðlegu samhengi**
- **Ómarkviss uppbygging og dreifð búseta er líkleg til þess að auka kostnað við rekstur og uppbyggingu innviða**
- **Staðsetning atvinnusvæða án skilvirkra almenningssamgangna hefur neikvæð áhrif á höfuðborgarsvæðið**
- **Höfuðborgarsvæðið er háð öðrum svæðum t.d. um orku og millilandaflug**
- **Líkur á að ásókn í sértæka verslun og þjónustu til höfuðborgarsvæðisins aukist**



Höfuðborgarsvæðið er háð innviðum á Hvítá-Hvítá svæðinu á sama tíma og íbúar utan höfuðborgarsvæðisins nýta sértæka verslun, þjónustu og innviði á höfuðborgarsvæðinu



4. SAMANTEKT





4.1 Niðurstöður

Siðustu 25 ár hefur landsmönnum fjölgað umtalsvert og samhliða hafa þéttbýliskjarnar á Hvítá-Hvítá svæðinu vaxið ört. Miðað við gögn og spár um þróun mannfjölda mun landsmönnum halda áfram að fjölga. Ef vöxtur þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu helst óbreyttur næstu 25 árin er ljóst að áhrifin á höfuðborgarsvæðið verða umtalsverð.

Í þessari greiningu voru áhrifin á höfuðborgarsvæðið eingöngu skoðuð út frá óbreyttum vexti þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu, ekki var sérstaklega tekið inn í matið vöxtur höfuðborgarsvæðisins sjálfs eða áhrifin af honum. Það er hins vegar ljóst að áhrifin af vexti höfuðborgarsvæðisins sjálfs mun leggjast ofan á þau áhrif sem hér hefur verið fjallað um. Verði óbreyttur vöxtur einnig á höfuðborgarsvæðinu má gera ráð fyrir að íbúum á höfuðborgarsvæðinu muni fjölga um 70.000 til 100.000 íbúa á næstu 25 árum, en á Hvítá-Hvítá svæðinu yrði fjölgunin um 100.000 til 150.000 íbúa á sama tíma eftir því hvort horft er á línulega eða hlutfallslega aukningu.

Framfylgd þeirrar sameiginlegu stefnu um árangursríkt samstarf og þróun höfuðborgarsvæðisins sem sett er fram í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins eru lykilatriði þess að unnt sér að bregðast við þeim áskorunum sem fylgja auknum mannfjölda, vexti og þróun samfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hvernig vöxtur þéttbýlis og samgangna á höfuðborgarsvæðinu kemur til með að þróast á komandi árum mun hafa afgerandi áhrif á alla áhrifaþætti sem hér hefur verið fjallað um. Þéttbýliskjarnar nálægt hver öðrum geta notið góðs af vexti hvers annars. Þá skiptir m.a. miklu máli að öflugar almenningssamgöngur séu til staðar, ástand vega sé gott og að þvert á sveitarfélagsmörk sé unnið að uppbyggingu mikilvægra innviða. Samhliða auknum vexti þéttbýliskjarna er líklegt að þeir verði sjálfbærari og standi betur undir almenntri verslun og þjónustu við íbúa sína. Áfram má þó gera ráð fyrir að íbúar á Hvítá-Hvítá svæðinu sækji sértækari þjónustu, menntun og vinnu til höfuðborgarsvæðisins en á sama tíma er höfuðborgarsvæðið háð öðrum þáttum utan höfuðborgarsvæðisins t.d. orkuframleiðslu og millilandaflugi. Það eru því margar gildar ástæður fyrir auknu samstarfi allra sveitarfélaga á Hvítá-Hvítá svæðinu.

Til þess að skapa sem best umhverfi fyrir íbúa Hvítá-Hvítá svæðisins er nauðsynlegt að líta framhjá sveitarfélagamörkum og horfa á stóru myndina. Ljóst er að núverandi vegakerfi mun ekki standa undir þeirri fólksfjölgun sem gert er ráð fyrir. Telja má víst að bættir innviðir fyrir virka ferðamáta innan svæðisins myndu drag úr bæði mengun og umferðartöfum sem gæti leitt til bættra lífsgæða og aukins öryggis á Hvítá-Hvítá svæðinu. Möguleg Sundabraut

er einnig líkleg til þess að hafa veruleg áhrif á þróun samgangna, og afleidd áhrif af samgöngu, bæði til og frá höfuðborgarsvæðinu sem og innan þess sem.

Sé litið til nágrannalanda er ljóst að efla þarf fjölbreytta og vistvæna samgöngumáta til muna svo hægt sé að dreifa álagi á samgönguinnviði. Innviðir dagsins í dag standa alls ekki undir þeirri aukningu íbúafjölda sem búist er við og þá er fjöldi ferðamanna ekki tekinn inn í myndina.

Uppbygging og ráðstöfun lands í einu sveitarfélagi eða þéttbýli er líkleg til þess að hafa margþætt áhrif út fyrir skilgreind mörk þess sveitarfélags eða þéttbýlis sem um ræðir. Vöxtur þéttbýliskjarna á Hvítá-Hvítá svæðinu getur verið jákvæður fyrir höfuðborgarsvæðið sérstaklega ef mörkuð er sameiginleg sýn og stefna fyrir svæðið. Þannig má sameinast um markmið og aðgerðir sem þarf til þess að ná sem bestum árangri til þess að mæta áskorunum framtíðarinnar öllum til hagsbóta.

Niðurstöður

- **Óbreyttur vöxtur mun hafa umtalsverð áhrif á höfuðborgarsvæðið, m.a. með aukinni umferð og samhliða aukinni mengun og lakara öryggi fyrir gangandi og hjólandi vegfarenda**
- **Mikilvægt er að efla samstarf sveitarfélaga á Hvítá-Hvítá svæðinu**
- **Mikilvægt er að sameinast um hagkvæma þróun og uppbyggingu til þess að unnt sé að mæta þeim áskorunum sem fylgja vexti samfélaga**
- **Sameiginleg stefna, líkt og til er fyrir höfuðborgarsvæðið, getur stuðlað að auknu jafnvægi m.a. m.t.t. sjálfbærni, efnahags, umhverfis og samfélags**
- **Mikilvægt að horfa ekki eingöngu til höfuðborgarsvæðisins þegar um er að ræða fyrirkomulag almenningssamgangna**
- **Mikilvægt að horfa á samspil ólíkra samgöngumáta í jaðri höfuðborgarsvæðisins m.a. til þess að auka tækifæri fólks til þess að nýta samsetta ferðamáta**
- **Bættar almenningssamgöngur eru líklegar til að draga úr annars verulega neikvæðum áhrifum af óbreyttum vexti á ferðamáta og umferðamagn**





4.2 Næstu skref

Til þess að mæta framtíðaráskorunum byggðapróunar og fólksfjölgunar er mikilvægt að horfa á Hvítá-Hvítá svæðið sem eina heild og mætti í því samhengi t.d. horfa til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Árið 2024 bjuggu á svæðinu um 80% landsmanna, til þess að hægt sé að móta sameiginlega stefnu um þróun svæðisins er mikilvægt að til séu haldbær gögn til þess að byggja á.

Við vinnslu verkefnisins kom bersýnilega í ljós skortur á gögnum varðandi þau málefni sem snerta svæðið. Mikilvægt er að bæta opinbera tölfræði og upplýsingar um efnahags- og félagslega þróun á höfuðborgarsvæðinu. Þörf er á auknum rannsóknum á samfélagi og innviðum ásamt vinnu- og skólasókn. Rannsóknir á þessum þáttum geta stutt áherslur á mikilvægi þess að móta heildstæða sýn og stefnu um þróun svæðisins til framtíðar.

Tillögur að næstu skrefum:

- **Móta grundvöll fyrir auknu samstarfi sveitarfélaganna innan Hvítá-Hvítá svæðisins**
- **Frekari rannsóknir á vinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins**
- **Frekari rannsóknir og greiningar á byggðapróun, húsnæðispörf og innviðum á Hvítá-Hvítá svæðinu**
- **Bæta opinbera tölfræði, upplýsingar um efnahags-, félags- og samfélagslega þróun á svæðinu öllu**
- **Skoða forsendur bættra almenningssamgangna og samspil við ferðamáta innan höfuðborgarsvæðisins**
- **Auka forsendur fyrir betri nýtingu innviða og hagkvæmari ráðstöfun lands**

